

FORNLEIFARANNSÓKNIR

Í SALTVÍK 2003




Orri Vésteinsson ritstj.

Höfundar efnis: Adolf Friðriksson, Colleen E. Batey, Hildur Gestsdóttir,
Thomas McGovern & Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS246-03271

Reykjavík 2004



© Fornleifastofnun Íslands 2004

Forsíðumynd: Hugsanlegt jarðhús í Mýrarlæg syðri, úr N.

Efnisyfirlit

Orrí Vésteinsson: <i>Inngangur</i>	4
Orrí Vésteinsson: <i>Staðhættir og mannvirkjaleifar</i>	6
Orrí Vésteinsson: <i>Könnun á mannvirkjaleifum</i>	11
Thomas H. McGovern: <i>Midden Investigations</i>	15
Adolf Friðriksson: <i>Kuml</i>	21
Colleen E. Batey: <i> Finds Summary</i>	22
Hildur Gestsdóttir: <i>Human skeletal remains</i>	24
Orrí Vésteinsson: <i>Samantekt – niðurstöður</i>	27
Orrí Vésteinsson: <i>Summary</i>	30

Orri Vésteinsson

Inngangur

Sumarið 2002 var unnið við fornleifaskráningu í Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu og fann þá Birna Lárusdóttir skráningarmaður tvær rústaþyrpingar sunnan við túnið í Saltvík. Þessara rústa er hvergi getið svo vitað sé, þær hafa ekkert nafn og enginn staðkunnugur sem tal hefur náðst af virðist hafa vitað um þær. Tóftir þessar eru þó ágætlega skýrar og framhjá þeim liggur reiðleið sem hefur verið í notkun í meir en öld. Ábúendaskipti voru tíð í Saltvík á 20. öld og hefðbundinn búskapur er þar aflagður fyrir nokkru, og mun þetta skýra af hverju þekking um rústirnar hefur ekki varðveist en ekki er að efa að fyrri ábúendur hafa vitað um þær.

Fundur Birnu er þó ekki fyrst og fremst merkilegur af því hve óvenjulegt það er að rekast á jafnglöggar rústir sem enginn virðist hafa vitað um, heldur af því að lögun tóftanna ber með sér að þær séu mjög fornar, jafnvel frá elstu tímum byggðar á Íslandi. Eftir að Birna hafði sýnt okkur Adolphi Friðrikssyni, Garðari Guðmundssyni og Mjöll Snæsdóttur rústirnar sumarið 2002 var ákveðið að gera minniháttar forkönnun á rústunum sumarið 2003 til að afla frekari vitneskju um þær, m.a. sem fyrsta skrefið að hugsanlegum umfangsmeiri rannsóknum.

Rannsóknin fór fram sumarið 2003 sem hluti af verkefninu „Landnám og menningarlandslag“ sem nýtur öndvegisstyrks frá Rannís 2002-2004. Verkefnið fjallar um landnám í Suður Þingeyjarsýslu og er framhald rannsókna sem hófust á Hofstöðum í Mývatnssveit árið 1991. Þungamiðja þessara rannsókna hefur verið í Mývatnssveit en eitt af markmiðum öndvegisverkefnisins var að færa út kvíarnar og kanna einnig leifar frá elstu tíð norðar og nær sjó. Í því augnamiði hófust rannsóknir í Höfðagerði í landi Núpa í Aðaldal sumarið 2002 og vöktu tóftirnar í Saltvík vonir um að þar væri fundinn staður við ströndina sem gæti varpað ljósi á spurningar um fyrsta stig landnámsins. Auðsætt er að þeir sem námu land í byggðunum upp af Skjálfanda hafa flestir lent í Húsavík og má því búast við að aelsta byggðin sé á þeim slóðum, í Húsavík sjálfri og suður í Reykjahverfi. Tvær þyrpingar rústa, hvor um sig með fleiri en einni rúst sem túlka mætti sem skála, svo skammt sunnan við túnið í Saltvík mátti mögulega líta á sem landnámskjarna, þetta

byggð frá því stig málsins þegar flutningur til landsins var mikill og aðkomumenn þurftu tímabundinn dvalarstað áður en þeir gátuð numið eða fengið land annarsstaðar. Fyrir utan vangaveltur um framgang landnámsins var einnig mikilvægt fyrir verkefnið að finna öskuhauga við sjávarsíðuna til samanburðar við þær upplýsingar sem safnað hefur verið í Mývatnssveit.

Við vettvangsathugun sumarið 2002 vöktu líka athygli Adolfs Friðrikssonar reglulegar dældir uppi á hæðinni milli rústaþyrpinganna tveggja. Hann afréð að kanna þær nánar undir merkjum verkefnisins „Kuml og samfélag“ sem styrkt er af Kristnihátíðarsjóði.

Uppgröftur fór fram 31. júlí 2003 og unnu við hann Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Johan-Terje Hole og Ramona Harrison undir stjórn Orra Vésteinnssonar fornleifafræðings. Birna og Elín teiknuðu þversnið og hefur Birna gert stafrænar útgáfur af myndunum. Garðar Guðmundsson mældi upp tóftirnar með GPS stöð. Magnús Á. Sigurgeirsson greindi gjóskulög í skurðunum 8. ágúst og Thomas McGovern leitaði að öskuhaugum með jarðbor 12. ágúst en eftir það var skurðunum lokað. Adolf Friðriksson stjórnaði rannsókn á kumlum á tímabilinu frá 31. júlí til 6. september og naut við það aðstoðar nemenda á vettvangsnámskeiði Fornleifastofnunar Íslands og NABO. Colleen E. Batey hefur rannsakað gripi þá sem í ljós komu við rannsóknirnar og Hildur Gestsdóttir greindi mannabeinaleifar sem fundust í kumlunum. Skýrslur þeirra fylgja hér en endanleg skýrsla um rannsókn á kumlunum verður birt í samhengi við aðrar niðurstöður úr verkefninu „Kuml og samfélag.“

Staðhættir og mannvirkjaleifar


Birna Lárusdóttir hefur lýst tóftum sunnan við túnið í Saltvík í skýrslu um fornleifaskráningu í Reykjahreppi¹ og verður því aðeins stiklað á stóru hér.

Við skráninguna var þyrpingunum skipt í þrennt. Austast er þyrping við Gildrugil (SP-318:014), en við næsta gil þar vestan við voru skráðar tvær þyrpingar. Sú syðri fékk númerið SP-318:028 en sú nyrðri er SP-318:022. Deila má um hvort þessar tvær séu ekki í raun og veru ein þyrping. Í þeirri nyrðri eru aðeins tvær tóftir og þær eru 40 m norðan við nyrstu tóftina í syðri þyrpingunni. Tóftirnar í þeirri þyrpingu ná yfir meir en 100 m langt svæði og er nyrðri þyrpingin í beinu framhaldi af henni. Á vettvangi virðist meiri ástæða til að aðgreina þessar rústir en þegar uppdrátturinn er skoðaður, en það stafar af því að á milli þyrpinganna er vírgirðing og reiðleið meðfram henni og gerir þetta að verkum að lengra virðist á milli rústanna en er í raun.

Ekki er vitað með vissu hvað gilið eða lækurinn heita sem vestari þyrpingarnar standa við. Í örnefnaskrá Saltvíkur er talað um Sortulæk sem er greinilega í suðvesturhluta landareignarinnar því landamerkjalinan frá Rauðkubjargi í Einbúa liggur yfir hann. Einnig er í skránni getið um Ytrilæk – til aðgreiningar frá Syðrilæk, sem rennur í Gildrugili – en skrásetjari hefur ekki vitað hvar hann er. Líklegra er að lækur sem kallaður er Ytrilækur sé norðar en Syðrilækur, en lækurinn sem rústirnar eru við er nánast beint í suðvestur af Syðrilæk og á suðurleið þaðan þó hann sé einnig í vissum skilningi utar en Syðrilækur. Í örnefnaskrá er einnig getið um Mýrarlæg „þar sem vegurinn beygir suður á mýrarleitið“ og í athugasemdum við skrána er því bætt við að efri hluti Mýrarlægur heiti Vagnlæg frá því um 1874. Nafnið er að rekja til þess þegar Sigurjón Jóhannesson reisti timburhús á Laxamýri 1874 en hann notaði fjórhjólaðan vagn til að flytja efni í húsið frá Húsavík.² Er freistandi að tengja nafnið Vagnlæg við vegagerð

¹ Birna Lárusdóttir & Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2003): *Fornleifaskráning í Reykjahreppi I*, Reykjavík, s. 14, 16, 17-18.

² Á Örnefnastofnun Íslands eru varðveittar 4 útgáfur af örnefnaskrá Saltvíkur og er stuðst við þær allar hér. Aðalheimildamaður þeirra allra er Sigurjón Egilsson á Laxamýri.



Þá sem ennþá sjást glögg merki um í giliinu fast neðan við tóftirnar. Þar eru tvær samhliða torfbrýr yfir gilið og hafa þær örugglega verið byggðar fyrir vagnaumferð því lækurinn er enginn farartálmi fyrir menn eða hesta. Niðurstaðan er því sú að gilið – eða a.m.k. neðsti hluti þess – sem vestari rústirnar standa við heiti Mýrarlæg. Hér verður því austasta rústaþyrpingin kölluð Gildrugil (GLG) en þær vestari Mýrarlæg og aðgreindar sem Mýrarlæg syðri (MLS) og Mýrarlæg nyrðri (MLN).

Af örnefnaskránni sést að holtið sem gilin tvö koma úr heitir Bæjarholt og að norðan í því er Einbúi og segir eftirfarandi um hann: „... þar á að vera grafið gull en má ekki grafa því þá stendur bærinn í björtu báli. Sést fyrir uppgræftri.“ Ekki er alveg skýrt hvar Einbúi er en enginn áberandi hóll eða steinn er á þessum slóðum sem nafnið á augljóslega við. Lýsingin á staðsetningu Einbúa – svo langt sem hún nær – og athugasemdin um ummerki um uppgröft koma ágætlega heim og saman við staðinn þar sem kumlin fundust, þó nafnið kunni e.t.v. að þykja heldur veglegt fyrir jafnkollótta hæð. Þetta er þó enganveginn ljóst og koma aðrir staðir til greina. Við skráningu var t.d. staldrað við „stakt, lítið holt spottakorn norðan við þjóðveginn, ofan í mýrlendri lægð.“

Í rústaþyrpingunni á austurbrún Gildrugils eru tvær aflangar tóftir sem snúa hornrétt



Loftmynd af rústum við Gildrugil, tekin úr vestri af Árna Einarssyni 23. maí 2003.



Loftmynd af tóftum við Mýrarlæg, úr norðaustri, tekin af Árna Einarssyni 23. maí 2003. Tóftirnar í Mýrarlæg nyrðri eru neðan við girðinguna sem liggur skáhallt yfir myndina, en kumlin á Einbúa sjást sem dökkir blettir rétt ofan við rofblett lengst til vinstri á myndinni.



Nærmynd af tóftum við Mýrarlág syðri, tekin úr norðri, af Árna Einarssyni 23. maí 2003.

hvor á aðra, og virðast báðar vera tvískiptar, með minna hólfi í öðrum enda. Nyrðri tóftin er 24 m löng en sú syðri er 17 m og gæti þó hafa verið lengri eða haft afbyggingu í vesturenda. Báðar eru með sveigðum langveggjum og um 8 m breiðar. Í kringum þessar aðaltóftir eru fjórar minni, þar af ein á vesturbakka Gildrugils. Auk þess eru 2-3 óljósari þústir sem ekki er víst að séu mannvirki.

Um 350 m vestar, á austurbakka Mýrarlágur eru hinar rústarþyrpingarnar. Í þeirri syðri er ein tóft langstærst, með áberandi sveigðum langveggjum og dyrum á vesturlangvegg. Í suðurenda hennar er eins og afhýsi. Hún er 17 m löng og tæplega 8 m breið. Við norðurgaflinn er minni tóft, aðskilin frá þeirri stærri, sem hefur haft gaffil til vesturs. Svo nálægt er hún þó stærri tóftinni að minnir á skemmu eða útielhús til enda bæjarraðar á bæjarstæðum frá síðmiðöldum. Vestan við suðurenda stóru tóftarinnar og neðar í brekkunni er lítil tóft en mjög djúp og hlýtur það að vera niðurgrafið hús, jarðhús. Ofan og neðan við stærstu tóftina, sem óhætt mun að kalla skála, eru tvær örlitlar en þó mjög greinilegar tóftir, báðar innan við 2 m í þvermál. Þetta eru tæplega hús, en hugsast getur að þetta séu brunnar. Fjær skálanum eru fjórar tóftir til viðbótar, þ.a. ein tvískipt og

mjög lág uppi á brún sunnan við skálann en hinar eru allar norðan við. Tvær eru niðri í láginni hlið við hlið og ein ofar í móanum með opinn vesturgafli. Þá er óglögg tóft, og jafnvel tvær, á móts við enda torfbrúnna, sem væntanlega hafa skemmst af umferð um kerruvegin.


Um 50 m norðar og heldur ofar við gilbrúnina eru tvær tóftir til sem skilgreindar hafa verið sem sérstök þyrping. Þær snúa báðar norður-suður, hafa sveigða langveggi og eru nógu stórar til að geta verið skálar: sú norðri er 20x 7 m en sú syðri 15 x 7 m.

Kumlin eru uppi á hæð milli giljanna, um 150 m austur af Mýrarlæg syðri og um 200 m suðvestur af rústunum við Gildrugil.

Athygli vekur að enga garða er að sjá í sambandi við þessar rústir og er þar tæplega varðveislu um að kenna því rústirnar sjálfar bera þess merki hve varðveisluskilyrðin eru góð á þessu svæði og móarnir í kring eru að stærstum hluta óblásnir. Verður ekki önnur ályktun dregin en að garðar hafi engir verið í tengslum við þessa byggð.

Könnun á mannvirkjaleifum

Sumarið 2003 voru grafnir þrír könnunarskurðir í rústirnar sunnan við Saltvíkurtún, einn í hverri þyrpingu. Skurður 1 var grafinn í vesturhlið nyrðra langhússins við Gildrugil, Skurður 2 í syðra langhúsið í Mýrarlæg nyrðri og Skurður 3 í litla niðurgrafna byggingu við suðvesturhorn langhússins í Mýrarlæg syðri.




Þversnið af skurði 1

Skurður 1 var 3 m langur og 1 m breiður. Hann snéri A-V og var grafinn frá miðjum vestari langvegg og inn í tóftina. Komið var niður á vegghleðslu á 30 sm dýpi og var stöku viðarkol ofan á henni. Hleðslan virðist vera úr streng og er V~950 gjóskan í torfinu en einnig sjást í því linsur af skarni. “a” lagið frá 1477 leggst upp að veggnum en engin merki sáust um H-1300 sem þó finnst á þessu svæði. Undir “a” laginu er 10-15 sm þykkt áfokslag en undir því allt að 30 sm þykkt torfhrunslag, með heilum hnausum. Þetta lag er

þykkara fjær veggnum en nær og bendir það ásamt stærð hnausanna til að veggurinn hafi verið felldur inn í tóftina. Undir torfhrunslaginu er gólf, svart og feitt með ljósgráum öskuslettum. Það er a.m.k. 5 sm þykkt. Í norðausturhorni skurðarins var grafið í gegnum gólfið og kom þar í ljós rauðgul aska við stein sem gæti verið í eldstæði.

Gólfið og eldsmerkin benda sterklega til að þessi bygging hafi verið notuð til íbúðar. Hún var byggð eða endurbætt eftir ~950 og var felld löngu fyrir 1477. Skarnið í torfhleðslunni sýnir að þessi bygging er ekki sú elsta á þessum stað.



Þversnið og grunnmynd af skurði 2


Skurður 2 var 3 m langur og 1 m breiður. Hann snéri A-V og var grafinn frá miðjum vestari langvegg og inn í tóftina. Undir um 20 sm þykku grásrótarlagi var “a” lagið frá 1477 og undir því 5-10 sm þykkt fokmoldarlag. Þar undir var komið niður á torfvegg sem virðist hafa verið byggður inn í tóftina eða vera endurbygging á innri brún veggjarins. Sá veggur er innan við 1 m breiður og hefur greinilegar brúnir sitthvoru megin. Ekki var grafið dýpra utan við hann en þar má vænta eldri veggjar. Ofan á veggnum var móöskublettur með brenndum beinum í. Veggurinn er hlaðinn úr hnausum,

sennilega klömbu, og er V~950 gjóskan í þeim auk þess sem skarnlinsur sjást. Tóftin var nálega sléttfull af hrúnögum. Efst (þ.e. undir fokmoldinni sem er undir “a” laginu) er 15-20 sm þykkt blandlag, sennilega að mestu fokmold en með torfhruni blönduðu saman við. Þar undir er rúmlega 10 sm þykkt torfhrunslag með heillegum hnausum með landnámssyrpuni. Undir þessu lagi er svo örþunnt gólflag, mest 1,5 sm en víðast aðeins 2-3 mm og sumstaðar vantar það alveg, einkum austast, í miðri byggingunni. Gólflagið fer undir vegginn en það liggur ofan á H3 sem sýnir að þessi bygging hefur verið niðurgrafin. Gólflagið er svart og feitt og í því viðarkol og brennd bein. Á gólfinu lá hvalbeinsstykki sem hefur verið skorið til.

Þessi bygging gæti hafa verið notuð til íbúðar en ekki er það ótvírætt og hafi svo verið hefur það ekki verið í langan tíma. Á einhverju seinna stigi málsins hefur veggur verið byggður inn í tóftina, eða vesturveggur hennar endurhlaðinn og látinn ná aðeins inn á eldra gólfið. Það hefur gerst eftir ~950 en fyrir 1477, sennilega löngu fyrr. Ekkert augljóst yfirborðslag tengist þessari yngri viðgerð eða viðbót. Þessi bygging virðist hafa hrunið saman smátt og smátt.

Skurður 3 var 1,85 m langur og 0,7 m breiður. Hann snéri N-S og var grafinn frá miðjum suðurvegg og inn í tóftina. Grafið var niður á vegg sem hefur verið hlaðinn á brún gryfjunnar og hruni úr honum fylgt niður í tóftina. “a” lagið frá 1477 lagðist upp að torfhruninu á um 20 sm dýpi og undir því var 5 sm þykkt áfokslag. Undir því lá H-1300 jafnfallið og undir því um 10 sm þykkt fremur einsleitt lag, sennilega að mestu áfok en í því voru einnig viðarkolaleifar. Undir þessu er gólflag, svart kolalag sem er efsta lagið í allt að 12 sm þykkri syrpu af yfirborðslögum, gólfum, en undir þeim er 5 sm þykkt grábrúnt fremur einsleitt mannvistarlag sem liggur ofan á óhreyfðu.

Þessi bygging er greinilega mikið niðurgrafin, sennilega hátt í 1 m. Á botni hennar hafa safnast upp allmörg gólflög en það hversu ólík þau eru gæti bent til að byggingin hafi oft skipt um hlutverk og/eða að hún hafi ekki verið í stöðugri notkun. Byggingin var algerlega fallin saman þegar H-1300 gjóskan féll.



Þversnið og grunnmynd af skurði 3.

Thomas H. McGovern

Midden Investigations³

Summary: This report presents the results of a first stage investigation of possible midden deposits at the site of Saltvík near Húsavík in N Iceland carried out August 12th 2003. An Oakfield tube-type soil corer was used to probe possible midden deposits around five structures associated with what appears to be three concentration of structures (MLN, MLS and GLG) on the hillside and stream gullies to the S of the modern farm and horse stable area of Saltvík. These structural complexes are on either side of the two pre-christian burials higher up on the hillside. Coring around the MLN and GLG structural complexes indicated fairly thin and discontinuous deposits, except directly to the south of the sunken featured building in MLN where up to 25 cm of cultural deposit (bone flecks, charcoal, burnt bone and mottled ash) suggest a potential deposit. The area around both the long rectangular possible hall structures in the MLN and GLG complexes were also heavily covered with thufur hummocks (up to 50 -75 cm deep) which will have severely disrupted any archaeological stratigraphy in these areas. However, conditions were different around the MLS complex (a potential pit house, long hall, and several apparent outbuildings) and what may be a substantial intact cultural deposit extends downslope (west) of the hall ruin. This area produced 25-30 cm of cultural deposit, including burnt bone, charcoal, ash, and some apparent stratification.

Recommendation: Test units should be placed outside the long hall structure in the MLS complex and to the S of the pit house in the MLN complex to better determine the nature and extent of these cultural deposits and to test organic preservation.

Discussion and Description: The midden team (represented by Tom McGovern) visited Saltvík on Aug 12th and carried out a first stage coring around the structures already

³ A product of the Leverhulme Trust Project “Landscapes Circum Landnám” and North Atlantic Biocultural Organization (NABO) Research Cooperative.

mapped and test trenched by the FSÍ structures and survey teams. The three complexes of structures were designated as MLN, MLS and GLG respectively.⁴ McGovern cored around the major structures in these complexes using an Oakfield soil corer and recording each core on a sketch map.

MLN: The MLN complex is aligned along the edge of a now dry stream cut that extends from the now fairly eroded upland down towards the bay of Saltvík approximately 2 km to the N. The first structure investigated (informally designated **MLN 1**) was an apparent pit house (sunken feature structure) that had already been tested by FSÍ structures team. Three cores were placed around this structure:

MLN 1 core 1, ca 3 m E (upslope) of the structure, at the base of thufur.

0-10 cm : rootlets and turf
10-15 cm: yellow brown silt with some probable H3 upcast fragments
15-50 cm: sterile yellow brown silt

MLN 1 core 2, ca 2 m to the W (downslope) of the structure

0-10 cm: rootlets and turf
10-15 cm: mottled brown with some flecks of H3 upcast
15-50 cm: sterile yellow brown silt
50 cm: rock

MLN 1 core 3, ca 1 m from the S wall center

0-15 cm: rootlets and turf
15-20 cm: mottled dk and lt brown silt
20-40 cm: mottled silt and ash, bone flecks, burnt bone, charcoal
40-55 cm: sterile yellow brown silt
55-60 cm: H3 in situ
60-65 cm: sterile yellow brown silt
65 cm: rock

The large rectilinear structure (hall?) just to the N of the pit house MLN 1 had heavy thufur development to the E side (upslope) and only somewhat more moderate development to the W side (downslope). Five cores were taken around this structure (informally designated MLN 2):

⁴ In the field notes NW=MLN, W=MLS and NE=GLG.

MLN 2 core 1 , ca 2 m W from apparent “door” near NW corner of long hall.

0-10 cm: rootlets and turf
10-35 cm: sterile yellow brown silt
35 cm: stone

MLN 2 core 2, ca 2 m W from apparent mid point in W wall of long hall

0-10 cm: rootlets and turf
10-45 cm: sterile yellow brown silt
45 cm: stone

MLN 2 core 3, ca 1 m SW of apparent SW corner of long hall

0-10 cm rootlets and turf
10-22 cm: mottled yellow brown and medium brown silt
22-35 cm: sterile yellow brown silt
35-40 cm: H3 in situ
40-60 cm: sterile yellow brown silt
60 cm: stone

MLN 2 core 4 ca 2 m E of apparent door in SE corner of long hall, in base of sheep path through thufur.

0-9 cm: rootlets and turf
9-40 cm: sterile yellow brown silt
40-45 cm: thick layer of pea-gravel, did not succeed in penetrating this.

MLN 2 core 5 ca 2 m E of possible door in middle of E wall of long hall, near base of large thufur.

0-10 cm: rootlets and turf
10-45 cm: sterile yellow brown silt.
45-47 cm: thick layer of pea-gravel, did not succeed in penetrating this.

MLN Discussion: Only the core 3 S of MLN 1 pit house produced any appreciable amount of cultural materials, but the other cores around this structure did turn up what appears to be construction debris. A test pit S of this pit house might be worthwhile in terms of both bone testing and developing more information about construction of the structure. Around the long hall cores are surprisingly sterile, even lacking much in the way of convincing construction debris. While additional coring may turn up some

deposits around this structure, the extent and depth of thufur formation would make excavation very difficult. Very short occupation?

MLS complex of structures is located about 200 m up the dry gully, S of MLN complex, and appears to consist of a deep pit house (test excavated by the FSI structures team) next to a well developed apparent long house and several other nearby buildings. Thufur were far less developed in this locality, and there appeared to be a difference in vegetation (mainly crowberries) in the area between the long hall (upslope) and the pit house (downslope).

One core was placed 2 m W (downslope) of the MLS pithouse (informally designated MLS 1) that had been test trenched by the structures team.

MLS 1 core 1

0-10 cm: turf and roots
10-18 cm: mottled yellow brown with charcoal flecks
18-22 cm: mottled light cream and yellow brown- possible upcast H3
22-50 cm: sterile yellow brown silt
50 cm: stone.

Three cores were placed along the W (downslope) side of the long hall, informally called MLS 2.

MLS 2 core 1, c 2 m W of apparent door in NW corner of long hall

0-10 cm; turf and roots
10-35 cm: banded (stratified?) layers of dark ash, light ash, charcoal, bone flecks, burnt bone. Definite cultural material, probable midden.
35-38 cm: apparent H 3 tephra in situ
38-55 cm; sterile yellow brown silt
55 cm: stone.

MLS 2 core 2 approximately 6 m downslope (W) of approximate mid point of W wall of long hall.

0-10 cm: roots and turf
10-25 cm: banded (stratified?) layers of mottled grey ash, burnt bone, bone flecks, charcoal, wood ash. Cultural material.

MLS 2 core 3, approximately 2 m downslope (W) of apparent door area in SW end of long hall.

0-10 cm: roots and turf
10-15 cm: mottled grey-brown with charcoal flecks
15- 30 cm: yellow brown silt
30-32 cm: H3 in situ
32-75 cm: sterile yellow brown silt
75 cm: pea gravel layer.

MLS discussion: There appears to be some midden material along the W side of the long hall, probably concentrating on the N end and extending up to 5-6 m from the wall itself. IF bone preservation is OK, this may make a promising target for larger scale excavation. Recommend a test pit in this area.

The **GLG** complex lies just S of the modern fence line near the horse barn area of the contemporary Saltvík farm. The ruin lies on the E side of a small valley which still has a strongly running brook down its center. The prechristian graves are clearly visible along the ridgeline to the SW from this area. There is a major complex of what appears to be a large rectilinear long house with what may be some later rooms added in the S end. The whole structure seems to be aligned with (and perhaps partly truncated by) an old road/track way that runs along the valley and up the side of the slope to the S. The area immediately around this ruin complex has heavy thufur development and it is hard to be absolutely certain of the limits of some wall lines. Corings were made along the W side of this large structure.

GLG 1 coring 1, 6 m to the W of the apparent NW corner of the long hall. *Note that a wide belt ca 5 m wide runs along the apparent trackway area just to the W of the structure, these were placed so densely that it was not possible to get a core down between them.*

0-5 cm: turf and roots
5-15 cm: medium brown silt with charcoal flecks
15-18 cm: H3 apparently in situ
18-35 cm: yellow brown silty sterile.
35 cm; stone

GLG 1 coring 2, ca 2 m W of the FSI structures team trench , in the thufur area between the apparent W wall of the long hall and the trackway.

0-15 cm	turf and roots
15-25 cm	med-dark brown sandy silt
25-35 cm	displaced structural turf ?
35-45 cm	mottled yellow brown / medium brown silt.
45-75 cm	sterile yellow brown silt.

GLG 1 coring 3, ca 4 m W of the core 2, in edge of trackway

0-5 cm	turf and roots
5-20 cm	medium brown silt with some charcoal flecks
20-22 cm	H3 apparently in situ
22-45 cm	sterile yellow brown silt.

GLG 1 coring 4, ca 4 m from apparent SW corner of longhouse in thufur area,

0-5 cm	turf and roots
5-15 cm	mottled brown with turf bits
15-18 cm	H3 apparently in situ
18-45 cm	sterile yellow brown silt.

GLG 1 Discussion: this large structure does not seem to have a great deal of cultural material directly outside it, though it is possible that much has been missed due to the thick thufur development all around. This will of course also make excavation of any intact deposits challenging. My impression is that the trackway has either removed or inhibited extensive deposition along the W side of the unit, but this is more or less a guess. I would recommend that a small unit be put into the trackway surface, as this may be a more complex and formally-constructed feature than it appears from the surface at present.

Kuml

Rannsaðar voru tvær grafir hjá Saltvík, skammt sunnan Húsavíkur. Við fornleifaskráningu þar árið 2002 kom í ljós staður sem minnti mjög á raskaðar forngrafir sem skoðaðar hafa verið við athuganir á þekktum kumlstöðum. Fellur þessi staður vel að þeirri almennu hugmynd að kuml hafi verið við fornar leiðir, því rétt hjá honum eru margar, fornar reiðgötur, sem mætast skammt frá túngarðinum í Saltvík. Ein kom frá ferjustað við Laxamýri, önnur úr Reykjahverfi allt frá Laxárdal og Mývatnssveit og sú þriðja yfir Hvammsheiði, frá ferjustað við Núpa.

Uppgröfturinn fór fram á tímabilinu 31.7 til 6. september 2003. Í ljós komu tvö kuml og er það í fyrsta sinn í 60 ár sem kuml finnast við rannsókn, en ekki jarðrask. Kumlin eru á lágum en breiðum hól sem er um 150 m í austur frá bæjarstæði við Mýrarlæg. Eins eru forn mannvirki við Gildrugil um 200 m austan kumlanna.

Kuml 1. Þegar torf var fjarlægð kom í ljós að syðra kumlið hefur verið rænt. Yfir gröfinni lá gjóskulagið 1477, og var athyglisvert að sjá hve reglulegt það var. Gjóska virðist hafa fallið skömmu eftir að skurður hafi verið grafinn í kumlið og er líklegt að grafarránið hafi farið fram á 15. öld. Undir gjóskulaginu var blandað uppmoksturslag með torfsneplum í og virtust vera leifar af landnámsgjóskunni í torfinu. Í suðurenda grafarinnar komu í ljós fáein járnbrost, líklega úr kistli. Þar fundust einnig fáein, illa farin bein úr manni. Gröfin sneri í N-S, en erfitt er að segja til um hvernig líkið sneri í gröfinni. Líklega hefur kumlið verið hulið grjóti, en það hefur verið fjarlægð við haugbrotið. Enn mátti sjá steinaröð austan og vestan megin.

Kuml 2. Um 10 m norðvestan við kuml 1 var annað kuml. Gröfin lá eins og Kuml 1, þ.e. í N-S, og öll ummerki hin sömu. Hafði þetta kuml einnig verið rofið og þar var 1477 lagið eins og í kumli 1. Engir gripir fundust í kumlinu, en í botni grafarinnar lá illa farin beinagrind úr manni.

Grafnar voru um 20 könnunarholur í og við hólinn sem grafirnar eru á, en engar fleiri grafir virðast hafa verið þar.
